

Gísli Gunnarsson

## Skúli Magnússon landfógeti

### Embættismaður konungs á mótum þjóðlegra hefða og alþjóðlegrar nýhugsunar<sup>1</sup>

#### Maður víðfeðmra hugmynda

Skúli Magnússon (1711–1794), landfógeti á árunum 1750–1793, sagði skoðun sína á öllu sem vakti áhuga hans. Fjármál og atvinnumál Íslendinga bar þar hæst. Rétt jafnvægi atvinnuvega var eitt það efni sem Skúla var umhugað um. Skúli vildi efla sjávarútveg og stétt sjávarbænda og láta Íslendinga helst eingöngu flytja út fisk.<sup>2</sup> Hann taldi það góða hliðarverkun á fjárkláðanum að þá neyddust bændur til að stunda sjó.<sup>3</sup> Aðalerindi bréfa til sveitabænda, sem Skúli gaf út í byrjun níunda áratugar 18. aldar, var að býsnast yfir því lága verði sem bændur fengu hjá kaupmönnum fyrir kjöt og ullarvörur. Þegar þéttbýli myndaðist, fengju sveitabændur að mati Skúla miklu betra verð hér á landi fyrir framleiðslu sína. Skúli sá tækifærin og benti á þau. Þannig skrifaði hann langar greinar um nyt kúa.<sup>4</sup> Andmælandi hans var systursonur hans, Magnús Ketilsson, sýslumaður í Dalasýslu.<sup>5</sup> Það sem einkum er hér merkilegt er hve há nyt íslenskra kúa var há miðað við það sem gerðist um svipað leyti með kýr erlendis.

<sup>1</sup> Greinin er að stofni til efni fyrirlesturs sem höfundur hélt á málþingi Félags um átjándu aldar fræði, sem bar yfirskriftina „Skúlaþing. Skúli Magnússon landfógeti – 300 ára minning“. Málþingið fór fram í Reykjavík 19. febrúar 2011.

<sup>2</sup> Sbr. *Forsög til en kort Beskrivelse af Island (1784)*. *Bibliotheca Arnarnagana*, V bindi, Köbenhavn, 1944.

<sup>3</sup> Skúli Magnússon, „Sveitabóndinn“, *Rit þess Íslenszka Lærdóms-Lista-Félags*, 4. bindi 1783, bls. 174–175. Heiti félagsins, og þar með tímaritsins tók breytingu árið 1787, er það varð *Hið konunglega íslenska lærdómslistafélag*.

<sup>4</sup> Skúli Magnússon, „Sveitabóndinn“, *Rit þess Íslenszka Lærdóms-Lista-Félags*, 4. bindi 1783, og „Fyrsti viðbætir við sveitabónda“, *Rit þess Íslenszka Lærdóms-Lista-Félags*, 5. bindi 1784, bls. 143–189.

<sup>5</sup> Magnús Ketilsson, „Nockrar Athugasemdir við Sveita-Bóndann, í þess Íslenszka Lærdómslista Félags Ritum, Fjórdá Bindindi 137–207 bls.“, *Rit þess Íslenszka Lærdóms-Lista-Félags*, 7. bindi, 1786, bls. 65–112.

Skúli skrifaði, og vafalaust ræddi einnig mikið, um verslun og í því samhengi tekjur konungs. Frægustu hugmyndir Skúla um verslun voru tillögur sem ranglega hafa verið kenndar við frjálsa verslun vegna þess ramma sem þeim var settur. Hugmyndir hans voru „áætlun og lýsing á því hvernig Ísland getur notið sinnar fríhöndlunar, til mikils hagræðis fyrir íbúana og konungi til aukinnar tekna.“<sup>6</sup> Þessi voru helstu atriðin í frumvarpinu: Tíu duglegum kaupmönnum frá Danmörku, Noregi, Slésvík, Holstein og Hollandi yrði gefinn kostur á að flytjast til Íslands. Fyrstu tíu árin skyldu þeir undanþegnir öllum sköttum og álögum nema tolli. Íslendingar skyldu sitja fyrir öðrum í starfi hjá kaupmönnum og í alla staði styðja þá. Í stað fastrar verslunarleigu skyldu koma tollar og ítarlegt skjal um tilhögun tollheimtunnar fylgdi með frumvarpinu. Samkvæmt því jukust konungstekjur á landinu við breytinguna. Stofnsett skyldu á Íslandi embætti tíu tollþjóna.<sup>7</sup>

### Embættismaður og vinur kaupmanna

Skúli var auðvitað fyrst og fremst raunsær maður og þótt sjá megi áhrif margvíslegrar og jafnvel mótsagnakenndrar hugmyndafræði í álitsgerðum, bókum og greinum hans, var hún ávallt tengd erli daglegra athafna í landinu.

Í fyrsta lagi var Skúli konunglegur embættismaður og fylgdi lögum dansk-norska einvaldsríkisins bókstaflega.<sup>8</sup> Hann gekk því hart fram við að útrýma launverslun almennings á sýslumannsárum sínum í Skagafirði á fimmta áratug 18. aldar.<sup>9</sup> Þess iðraðist hann síðar eins og kemur fram í ritum hans á 9. áratug aldarinnar, einkum í greininni „Fyrsti viðbætur til sveitabónda“.<sup>10</sup>

Skúli gekk hart fram gegn hvers konar brotum kaupmanna á konunglegum reglugerðum um verslunina. Reyndar fór það orð af Skúla áður en hann varð landfógeti að hann væri vinur kaupmanna sem áttu hvað mestan þátt í frama hans. Á þessum tíma gat enginn orðið sýslumaður nema hann gæti lagt fram tryggingu í

<sup>6</sup> Sjá í þessu samhengi: Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísaland. Einokunarverslun og íslenskt samfélag 1602–1787*, Reykjavík 1987, bls. 234.

<sup>7</sup> Sama heimild.

<sup>8</sup> Þetta ríki var á þeim tíma sem greinin fjallar um kallað hið dansk-norska, og er enn í ritum sagnfræðinga. En í raun var um dansk/þýsk-norskt ríki að ræða. Staðreyndin er sú að konungsettin var að mestu leyti þýsk og stjórnsýsla ríkisins notaði tvö tungumál nokkuð jafnt, dönsku og þýsku. Einnig voru margir þegnar konungsins þýskumælandi.

<sup>9</sup> Fyrsta embættisverk hans sem sýslumanns í Skagafirði var að dæma bóndann Guðmund Jónsson í húðlátsrefsingu og búsláttarmissi fyrir hnupl í kaupmannsbúðinni að Hofsósi. Sjá: Lýður Björnsson, *Skúli fógeti*, Reykjavík 1966, bls. 16–17.

<sup>10</sup> Skúli Magnússon, „Fyrsti viðbætur við sveitabónda“, *Rit þess Íslenska Lærdóms-Lista-Félags*, 5. bindi, 1784, bls. 143–189.

konungssjóð fyrir væntanlegum tekjum sýslunnar næstu ár. Þannig var nokkuð tryggt að aðeins auðkýfingar eða skjólstaðingar þeirra yrðu sýslumenn.

Skúli átti upphaflega enga auðkýfinga íslenska að góðvinum og sjálfur var hann félaus. Þegar hann próflaus fékk Austur-Skaftafellssýslu 1734 lánaði kaupmaðurinn Jónas Friis að Búðum ásamt Joachim Lafrentz Henrichsen jústitsráði honum 400 dali fyrir ábyrgðarféð og farareyri.<sup>11</sup> Hann hafði mikið fyrir því að fá Skagafjarðarsýslu því að amtmaðurinn Joachim Henriksen Lafrenz var mótfallinn umsókn hans um sýsluna. Skúli sigldi því til Hafnar með haustskipi 1736, og sneri aftur með konunglegt veitingarbréf fyrir sýslunni 1737.

Árið 1742 var tekin örlogarík ákvörðun í Kaupmannahöfn. Konungssjóður Danaveldis var eins og endranær mjög fjárþurfi og ákveðið var að halda opinbert uppboð á Íslandsversluninni sem slegin skyldi öll hæstbjóðanda án þess að nokkur forathugun færi fram á getu hans til að stunda hér verslun í öllum höfnum samtímis.<sup>12</sup> Á uppboðinu, sem haldið var 16. apríl 1742, tókst fulltrúum Bræðragildis Hörmangara að fá verslunina slegna sér, eins og sjá má í skjali Rentukammersins.<sup>13</sup>

Veturinn 1759–1760 dvaldi Skúli í Höfn hjá Lárusi kaupmanni Pálssyni ásamt Michael Skibsted er síðar varð um hríð yfir íslensku versluninni. Áttu íslenskir kaupmenn gjarnan samfundi hjá Lárusi.<sup>14</sup> Þessi góði kunningssskapur við alla þáverandi einokunarkaupmenn hefur tæplega skaðað Skúla fjárhagslega eða hvað varðar embættisframa. Hans Christian Bech, sem var starfsmaður Íslandsverslunar Hörmangara, komst þannig að orði í riti 1781 um kaupmannaskiptin 1742: „Þá stofnuðu fáfróðir menn nýtt verslunarfélag og stjórn þess [var] gjörólík stjórn félagsins, sem var á undan, og árangurinn varð eftir því.“<sup>15</sup>

Athyglisvert er að eftir að verslunarfélag Hörmangara hóf verslun hér á landinu með vorskípum 1743, hóf Skúli Magnússon strax nákvæmt eftirlit með nýja kaupmanninum á Hofsósi, Peter Ovensen, og kærði hann fyrir vanrækslu í starfi.<sup>16</sup> Ekki fer sögum af slíku nákvæmu eftirliti með fyrirrennurum Ovensens í

<sup>11</sup> Jón J. Aðils, *Skúli Magnússon landfógeti (1711–1911)*, Reykjavík 1911, bls. 20.

<sup>12</sup> Sjá í þessu samhengi: Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísaland*, bls. 129–133.

<sup>13</sup> Sama heimild, bls. 130. Hörmangarar voru þá helstu smásölukaupmenn Hafnar, einkum í matvöru, og sóttust mjög eftir greiðum aðgangi að útfluttu íslensku kjöti og lélegri gerð útfluttrar skreiðar sem ekki var flutt til Hamborgar heldur seld í Höfn. (Sjá í þessu samhengi Gísli Gunnarsson, *Fiskurinn sem munkunum þótti bestur. Íslandsskreiðin á framandi slóðum 1600–1800*, Reykjavík 2004, bls. 22–28, 64–66.). Segja má að Hörmangarar hafi staðið lægst í stigveldi kaupmannagildanna í Höfn þá og síðar.

<sup>14</sup> Jón J. Aðils, *Skúli Magnússon landfógeti (1711–1911)*, bls. 28–29.

<sup>15</sup> Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísaland*, bls. 133. Höfundur vísar í skrif Hans Christian Bech 1781, *Lbs. JS. 37 fol.*, bls. 51.

<sup>16</sup> Jón J. Aðils, *Skúli Magnússon landfógeti (1711–1911)*, bls. 128–129.

verslunarfélaginu 1733–1742, vinum Skúla veturinn 1736–1737. Einnig er athyglisvert að orð Skúla fengu strax meira vægi meðal embættismanna í Kaupmannahöfn en orð kaupmanns. Auðvelt er að geta sér þess til að hér hafi Skúli verið að angra Hörmangara sem hefnd fyrir fyrri vini sína í gamla verslunarfélaginu og að margrómuð „þjóðleg“ barátta Skúla við einokunarkaupmenn hafi alla vega í upphafi verið hluti valdatafls í Kaupmannahöfn. Hins vegar náði Skúli góðum tengslum við einstaka starfsmenn Hörmangarafélagsins og naut góðs af. Það var mest fyrir tilstuðlan eftirmanns Ovensens í starfi verslunarstjóra í Hofsósi, Jens Lassen, að Skúli var gerður að landfógeta í desember 1749.<sup>17</sup>

### „Matur mæti mat“ og kaupskaparstefnan. Andstæðar hugmyndir

Skúli var fylgismaður hagfræði miðalda um jafnvægi í matarbúskap í utanríkisverslun. „Matur mæti mat“ var kjörorð hans, einkum í ritum hans frá áratug Móðuharðindanna, honum ofbauð matarútflutningur þegar fólkið svalt og krafðist þess að jafnmikið magn matvæla væri flutt til landsins og frá því.

Auðvelt er að sjá hér ákveðna þverstæðu í málflutningi Skúla. Hann vildi allt gera til að stórauka magn af fiski til útflutnings og efla með því utanríkisverslun landsmanna, og slíkt var varla í samræmi við kröfuna um að „matur mæti mat.“ Ef til vill ætti að telja þennan fremur síðborna stuðning við jafnvægi í útflutningi og innflutningi matvöru eðlileg viðbrögð við matarútflutningi í Móðuharðindunum, einkum þar sem kaupskaparstefnan varðandi hámarksgróða af verslun var andstæð miðaldakröfunni um jafnvægi í verslun matvæla. En þetta sýnir einnig að Skúli var umfram allt jarðbundinn maður sem fyrst og fremst hirti það úr almennum kenningum sem best hentaði íslenskum veruleika hverju sinni.

Skúli var eindreginn fylgismaður kaupskaparstefnunnar (merkantílismans) en kjarni hennar fólst í eflingu borga og ríkis; á þann hátt átti að skapast bandalag góðborgara og konungs og lénsaðli var að mestu leyti útrýmt. Hugsanlega má sjá hér tengsl við andúð Skúla á mörgum íslenskum embættismönnum en meirihluti þeirra hafði komist til metorða vegna erfðaeigna. Þess ber að geta að sjálfur eignaðist Skúli fyrir eigið frumkvæði fjölda jarða þau 12–13 ár sem hann var sýslumaður í Skagafirði. En ekki eignaðist hann jarðir eftir að hann varð landfógeti. Ótvírætt er að kjör hans versnuðu við það að skipta um starf 1750. En slæmur fjárhagur Skúla síðasta hluta

---

<sup>17</sup> Sama heimild, bls. 61.

ævi hans stafaði ekki af embættisfærslu hans sjálfs, heldur af því að hann hafði yfirtekið gjaldþrota bú tveggja tengdasona sinna.

Samkvæmt merkantilismanum átti að efla utanríkisverslun með öllum tiltækum ráðum, jafnvel einhliða aukningu á útflutningi matvöru; „Handelens og Rigets Balance“<sup>18</sup> yrði að vera hagstæð. En almennt töldu merkantilistar að bændaal múgann ætti að nýta sem mest til að auðga ríkið og borgirnar, engu máli skipti þótt bændur væru kúgaðir og arðrændir. Hér skildu leiðir Skúla og fyrri kynslóða merkantílista, í samræmi við nýjar hugmyndir átti að efla hag ríkis og borga með hagvexti fremur en kúgun bænda. Niels Ryberg, sem stjórnaði Íslandsversluninni með miklum dugnaði 1760–1763, leit á bændur eingöngu sem hóp manna sem tækifæri var til að arðræna.<sup>19</sup> Að öðru leyti er margt líkt með hugmyndum Skúla og Rybergs, báðir vildu þeir efla hér mikið bæði fiskveiðar og verslun.

### **Kameralisminn, upphaf hans og áhrif Horrebows hér á landi**

Kameralisminn er þýskur að uppruna og eldri en búauðgisstefnan franska en hafði áhrif á hana. Í Þrjátíu ára stríðinu (1618–1648) fækkaði Þjóðverjum um nær helming; þetta var þó misjafnt eftir landsvæðum og ríkjum (sem skiptu hundruðum í Þýskalandi á sautjándu og átjándu öld). Mest fækkaði almúgafólki, í sumum löndum um allt að 90%.

Það var t.d. hertoganum af Mecklenburg, sem staðsett er við sunnanvert Eystrasalt, vafasöm gjöf að fá við westfalska friðinn 1648 nokkur viðbótarlönd sem voru nær mannauð. Það tók tíma fyrir furstana að bregðast við mannauðninni, hlutverk þeirra var að heyja styrjaldir, ekki að bæta hag almúgans. En samt gerðist það á seinni hluta 17. aldar að æ fleiri furstar reyndu að bæta kjör bænda, laða til sín nýbúa, vera vinsamlegir öllum stéttum, með öflugum ríkisafskiptum. Framfarir undir forystu hins menntaða einvalds urðu tákn hinnar nýju stefnu, kameralismans.

Augsýnilegt er að hagræn sjónarmið Skúla hafa breyst mjög um miðja 18. öldina. Auðvelt er að mati mínu að komast að því með nokkurri vissu hvað gerðist. Maður að nafni Niels Horrebow (1712–1760) dvaldi hér á landi 1749–1751. Hann var af góðum ættum, hafði upphaflega lært einkum stjörnufræði og stærðfræði (eins og mörg ættmenni hans) en tók doktorsgráðu í lögfræði og komst til mikilla metorða,

<sup>18</sup> „Handelens og Rigets Balance“ var mjög algengt hugtak í merkantilismanum.

<sup>19</sup> Harald Gustafsson, „Fiskveiðiákvæðin 1762. Athuganir á ákvarðanatökunni“, Guðrún Guðmundsdóttir íslenskaði, *Saga* 19 (1981), bls. 107–121.

varð hæstaréttardómari og ritari hirðréttarins. Hann þekkti auðvitað vel helstu ráðamenn í Danmörku, en lenti í erfiðleikum 1747 vegna uppgjörs á sjóði nokkrum, sem hann var ábyrgur fyrir. Hann var því dæmdur í útlegð til Borgundarhólms en fór til Íslands til rannsókna, 1749–1751.<sup>20</sup>

Niels sat á Bessastöðum, sem þá var höfuðból landsins. En veturinn 1750–1751 dvaldi Skúli þar líka, beið eftir að Viðey losnaði sumarið 1751. Geta má sér til að margir hafa fundirnir verið sem þeir Skúli og Niels hafa átt þennan vetur. Þar sem Niels gat ekki ferðast að ráði, hefur hann sótt mikið af þekkingu sinni á landinu til Skúla en gat á móti frætt hann um nýjustu hugmyndastrauma erlendis og valdakerfið í Kaupmannahöfn. En 1751 lauk veru Horrebows hér á landi og hann sneri aftur til Kaupmannahafnar. Ári síðar gaf hann út frægt rit um Ísland.<sup>21</sup>

### Voldugir vinir í Kaupmannahöfn

Norðurlönd voru hluti þýsks menningarheims en það tók samt tíma fremur langan tíma að innleiða kameralismann með húð og hári í efnahagsvitund norrænna ríkja. Í Danmörku er tímasetningin ótívíræð; 1735 varð kameralistinn Otto Thott (1703–1785) aðalmaður Rentukammersins og var það í hálfari öld. Það var Thott sem átti drjúgan þátt í því að danska ríkið stofnsetti Innréttingarnar á Íslandi. Skúli kynntist honum í kjölfar þessa og átti honum flest að þakka eftir það.

Það er meðal margra goðsagna í íslenskri sagnritun að Íslendingar hafi sjálfir fjármagnað Innréttingarnar. En stofnfjármagnið nam alls um 67 þúsund ríkisdöllum og af því greiddi konungssjóður 61 þúsund dali, eða tæp 90% alls stofnkostnaðar. Samt voru Innréttingarnar aðeins metnar á 25 þúsund ríkisdali 1763 þegar Almenna verslunarfélagið yfirtók þær. En Íslendingar, sem greitt höfðu alls 6250 ríkisdali í stofnfé Innréttinganna, voru einir taldir vera eigendur þessara 25 þúsund ríkisdala. Þannig fjórfaldaðist verðmæti Íslendinga í Innréttingunum á tíu árum. En þetta skyldi greitt í hlutabréfum í Almenna verslunarfélaginu. Þá urðu íslenskir hefðarmenn reiðir, og Skúla var treyst fyrir því að ná betri kjörum fyrir þá. Þetta var meðal helstu

<sup>20</sup> Kr. Kaalund, „Niels Horrebow“, *Dansk biografisk lexikon*, VIII. bindi, Kjöbenhavn 1897, bls. 108–109.

<sup>21</sup> Niels Horrebow, *Tilforladelige Efterrættninger om Island. Med et nyt Landkort og 2 Aars Meteorologiske Observationer*, København 1752. Þessi bók var þýdd víða í Evrópu á seinni hluta 18. aldar. Hún kom út á þýsku 1753, hollensku 1756, ensku 1758 og frönsku 1764 og varð bókinn þannig aðalheimild Evrópumanna á þeim tíma um Ísland. Verkið kom fyrst út á íslensku 1966 í þýðingu Steindórs Steindórsonar frá Hlöðum, *Lýsing Íslands*, og fylgir þeirri útgáfu góður inngangur þýðanda þar sem upplýsingar um útgáfu bókarinnar á ýmsum tungumálum er að finna, sjá bls. 10.

verkefna hans á næstu áratugum og 1779, þegar Íslandsverslunin skilaði mjög miklum hagnaði, fékk hann konung, eða öllu heldur Otto Thott, til að greiða íslensku hluthöfunum umrædda 25 þúsund ríkisdali.

Otto Thott var ekki í upphafi bandamaður Skúla í embættiskerfi einveldisins. En Skúli, sem fór að vera margsinnis í Kaupmannahöfn, frá og með sjötta áratug aldarinnar, leitaði eðlilega til yfirmanns fjármála og atvinnumála í Danmörku og hann sóttist eftir vináttu þessa mikla lærdómsmanns, sem átti fleiri bækur en aðrir þegar Danakonungs. Enda hefur Skúli vafalaust engu síður en vinur hans og félagi, Jón Eiríksson, sem var þriðji æðsti maður Rentukammersins, harmað fráfall Thotts.

Því var það að skömmu eftir að Otto Thott dó í að út kom í Kaupmannahöfn prentað rit á íslensku með ljóði um Thott. „HARMATÖLUR ISLANDS YFIR GREIFA OTTO THOTTS BURTFÖR ÚR ÞESSUM HEIMI ÞANN 10. SEPTEMBRIS 1785, FRAMFÆRDAR AF EINUM ÞESSA LANDS NIDIA.“<sup>22</sup> Þar er m.a. að finna þetta erindi um mikilvægi Otto Thotts:

Mál vor hann flutti  
Mezt til bóta  
Fyri Jöfri vorum  
Allra manna,  
Hugd og velgiördir  
Hylmis ótal  
Oss gat hann mezt  
Allra manna.<sup>23</sup>

### Lokaorð

Í titli greinarinnar er Skúla lýst þannig að hann hafi verið „á mótum þjóðlegra hefða og alþjóðlegrar hugsunar“. Skúli var gjörkunnugur því forna hagkerfi sem ríkti á 18. öld og hafði verið hér í gildi frá miðöldum. Hann þekkti hugarfar landa sinna, það bæði mótaði hann og skapaði viðhorf hans, en jafnframt kveikti það andstöðu hans. Samtímis þekkti hann vel alla þá nýhugsun sem barst til Danaveldis, einkum frá Þýskalandi.

<sup>22</sup> Þetta var minningarljóð ásamt danskri þýðingu í lausu máli. Þessi landsins niðji, sem ljóðið orkti, var, skv. athugasemd Jóns Borgfirðings, sem skrifuð er í bókareintak Landsbókasafnsins, Jón Johnsonius, síðar sýslumaður á Ísafirði. Johnsonius var þá (1785) styrkþegi Árnasjóðs en í stjórn hans var Jón Eiríksson. Danska þýðingin í lausu máli á harmatölunni er hugsanlega eftir Jón Eiríksson.

<sup>23</sup> HARMATÖLUR ISLANDS YFIR GREIFA OTTO THOTTS BURTFÖR ÚR ÞESSUM HEIMI ÞANN 10. SEPTEMBRIS 1785, FRAMFÆRDAR AF EINUM ÞESSA LANDS NIDIA, Kaupmannahöfn 1785, bls. 4.

Skúli var góður embættismaður þótt í ofríki Stefánunga á síðasta áratug aldarinnar hafi verið reynt að sverta orðstír hans. Hann var hugmyndaríkur höfundur ótal sanninda og kenninga um efnahags- og atvinnumál á aumustu öld Íslands í efnahags- og atvinnumálum. En þessi eynd var sannarlega ekki honum að kenna. Þvert á móti má telja það líklegt að ef upphaflegum tillögum hans um verslun hefði verið fylgt, hefðu Íslendingar átt auðveldara með að koma málum sínum áleiðis á seinni hluta 18. aldar.

Um höfundinn: Gísli Gunnarsson (1938–2020), lauk doktorsprófi við Lúndarháskóla í Svíþjóð árið 1983, var prófessor emeritus í sagnfræði við Háskóla Íslands.